

282. fundur

Miðvikudaginn 10. mars 2021, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Friðrik Már Baldursson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Ragnar Árnason og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sátu Arnar Freyr Einarsson, ANR og Hálfván Óskarsson, áheyrnarfulltrúi, einnig fundinn. Elísabet Anna Jónsdóttir, lögfræðingur hjá ANR sat fundinn að hluta.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús í mars 2021

Lagður var fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. mars 2021. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 2,25% frá 1. desember 2020. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt í júní 2020. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá 1. júní 2020 er 3,77%. Að loknum umræðum og yfirferð um þróun einstakra gjaldaliða verðlagsgrundvallarins var hann staðfestur og ákveðið að funda aftur að viku liðinni til að fara yfir þróun iðnaðarlíkans og taka verðákvörðun eftir atvikum.

2. Efnasamsetning viðmiðunarmjólkur

Lagt fram erindi SAM þar sem óskað er staðfestingar á skilgreiningu á efnainnihaldi lágmarksverðs til framleiðenda samkvæmt 8. gr. búvörulaga 99/1993. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur sem lágmarksverð miðast við, reiknast út frá veginni samsetningu móttækinnar mjólkur sl. 36 mánuði. Niðurstaða útreikninga er að meðalefnainnihald á árunum 2018-2020 var 4,19% fita og 3,39% prótein. Lágmarksverð mjólkur til framleiðenda miðast við að 50% af verðinu sé greitt samkvæmt fituinnihaldi og 50% samkvæmt próteininnihaldi. Viðmiðunarinnehald pr. lítra meðalmjólkur verður því 4,19% fita og 3,39% prótein. Staðfest.

3. Umsagnarbeiðni Samkeppniseftirlitsins

Lagt fram erindi Samkeppniseftirlitsins til verðlagsnefndar um lagagrundvöll verðlagningar á mjólkurdufti auk tillögu að umsögn nefndarinnar. Umræður. Tillaga að umsögn samþykkt.

4. Önnur mál.

Umræður um mjólkurduft og verðlagningu þess. Ákveðið að 3-4 fulltrúar nefndarinnar taki saman minnisblað um samspil mjólkurdufts, búvörusamninga, birgðahalds o.fl.

Umræður um verðlagsgrundvöll kúabús. Lagt til að skoða samstarf við RML um gögn vegna launaliðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson

283. fundur

Miðvikudaginn 16. mars 2021, kl. 16:30 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Friðrik Már Baldursson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Ragnar Árnason og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sátu Arnar Freyr Einarsson, ANR og Hálfván Óskarsson, áheyrnarfulltrúi, einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Iðnaðarlíkan

Lagt fram reiknilíkan verðlagsnefndar til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur og mjólkurvara. Líkanið byggir á rauntölum úr ársreikningi Mjólkursamsöluunnar og rekstraruppgjöri. Frá maí 2020 til mars 2021 er reiknuð hækkunarkrafa líkansins 3,58%.

2. Verðlagning

Umræður um niðurstöður framlagðra gagna. Umræður. Borin var fram tillaga um 3,77% hækkun á lágmarksverði til bænda og að vegið heildsöluverð mjólkurvara yrði hækkað hlutfallslega um sem nemur reiknaðri hækkunarkröfu iðnaðarlíkans og hækkunar á lágmarksverði. Þó þannig að smjör yrði hækkað um 5,0% umfram aðrar vörur sem hækka samsvarandi minna og að verð á undanrennu- og nýmjólkurduft haldist óbreytt. Ástæður þess er að heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabíl og eftirspurn eftir fituríkum mjólkurvörum er meiri en eftir próteinríkum vörum. Tillaga um umframhækkun á smjöri og óbreytt verð á dufti er til þess gerð að ná betra jafnvægi fitu og próteins á markaði.

Útreikningar til grundvallar lágmarksverði til bænda byggja á hækkun gjaldaliða í verðlagsgrundvelli kúabús frá júní 2020 til mars 2021, sem tekin var fyrir á 282. fundi. Útreikningar til grundvallar hækkun heildsöluverðs byggja á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur í iðnaðarlíkani frá maí 2020 til mars 2021. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 3,77% hækkun heildarkostnaðar frá 1. júní 2020 og reiknaða 3,58% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar skv. iðnaðarlíkani.

Forsendur útreiknings voru settar í reiknilíkan heildsöluverðs sem byggir annars vegar á hráefniskostnaði, þ.e. lágmarksverð til bænda og vinnslu- og dreifingarkostnaði hins vegar. Almenn hækkun heildsöluverðs mjólkurvara er 3,47%, en heildsöluverð á undanrennu- og nýmjólkurdufti er 0% og miðað við 5% sérhækkun á smjöri, hækkar heildsöluverð smjörs um 8,47%. Vegin heildsöluverðshækkun er 3,68%.

Ákvörðun var tekin um að lágmarksverð 1. fl. mjólkur til bænda hækki um 3,77% eða úr 97,84 kr./ltr í 101,53 kr./ltr. Jafnframt var tekin ákvörðun um að almennt heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki þann 1. apríl 2021 um 3,47%. Samfara því var tekin sérstök ákvörðun um samtals 8,47% hækkun á smjöri og óbreytt verð á undanrennu- og nýmjólkurdufti, en heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabíl og ójafnvægi er á milli eftirspurnar eftir fitu og próteini á markaði. Vegin hækkun heildsöluverðs er því 3,68%.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:30.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson

284. fundur

Fimmtudaginn 11. nóvember 2021, kl. 10:30 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Friðrik Már Baldursson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Ragnar Árnason og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sat Arnar Freyr Einarsson, ANR, einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús – september 2021

Lagður var fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. september 2021. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 0,49% frá 1. júní 2021. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. apríl 2021, byggt á verðlagi í mars 2021. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá síðustu verðlagningu er 1,71%. Að loknum umræðum og yfirferð um þróun einstakra gjaldaliða verðlagsgrundvallarins var hann staðfestur. Þá var farið yfir drög að framreikningi iðnaðarmóðels. Ákveðið að endanlegur framreikningur verði tekinn fyrir á næsta fundi og tekin verði verðákvörðun eftir atvikum.

2. Starfshópur um verðlagsmál í nautgriparækt

Lagt var fram skilabréf starfshóps um verðlagsmál í nautgriparækt til upplýsingar. Umræður um tillögur starfshópsins sem lúta m.a. að uppfærslu reiknilíkana og endurskoðun verðlista mjólkurvara sem verðlagsnefnd verðleggur. ANR mun taka saman minnisblað um mögulega nálgun og verkefnaáætlun vegna tillagna starfshópsins og halda verðlagsnefnd upplýstri.

3. Mjólkurduft

Umræður um verðlagningu mjólkurdufts. RÁ rakti sögu málsins frá því að erindi SI barst nefndinni þann 20. maí 2019. Verðlagsnefnd hefur haldið sjö fundi frá þeim tíma. Ákveðið hafði verið að þrjú nefndarmenn skyldu skoða málið með ítarlegum hætti. Málið var aftur tekið til umræðu að tveimur mánuðum liðnum en þá hafði athugun ekki farið fram. Ákveðið hafi verið að fresta málinu þar frekari athugun lægi fyrir. Málið var aftur upp tekið að ósk nefndarmanns undir liðnum „önnur mál“ en aftur var ljóst að frekari athugun lægi ekki enn fyrir. Í kjölfarið var ákveðið að 3-4 nefndarmenn myndu taka saman minnisblað um allar hliðar málsins. Nú er ljóst, rúnum tveimur árum síðar, að málið hefur lítið sem ekkert þokast áfram þrátt fyrir umræður og ákvarðanir nefndarinnar. Taldi RÁ þetta dæmi um „hægfara“ stjórnsýslu sem ekki væri verjandi. Bauðst hann til að taka saman stutt minnisblað um málið ef það mætti verða til þess að nefndin kæmist áfram með málið. Var það samþykkt með öllum atkvæðum, en formaður sat hjá.

Næsti fundur verðlagsnefndar verður haldinn þann 23. nóvember 2021.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:30.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson

285. fundur

Fimmtudaginn 23. nóvember 2021, kl. 13:00 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Friðrik Már Baldursson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Ragnar Árnason og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sat Arnar Freyr Einarsson, ANR, einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð var lögð fyrir fundinn. Verður afgreidd í tölvupósti.

2. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lögð voru fram drög að verðlagsgrundvelli kúabús fyrir desembermánuð 2021. Stuttu áður en fundur hófst bárust nýjar tölur til framreiknings frá Hagstofu Íslands. Farið var yfir drögin og ákveðið að bíða með staðfestingu fram að næsta fundi.

3. Iðnaðarlíkan

Lögð voru fram drög að reiknilíkani verðlagsnefndar til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði. Hráefniskostnaðarliður líkansins byggði á áður fram lögðum verðlagsgrundvelli kúabús í september 2021. Farið var yfir aðra liði reiknilíkansins en ákveðið að fara betur yfir niðurstöðurnar á næsta fundi nefndarinnar.

4. Verðlagning

Ákvörðun um verðlagningu frestað til næsta fundar.

Næsti fundur verðlagsnefndar verður haldinn þann 24. nóvember 2021.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:30.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson

286. fundur

Miðvikudaginn 24. nóvember 2021, kl. 15:30 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Friðrik Már Baldursson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Ragnar Árnason og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sátu Arnar Freyr Einarsson, ANR og Hálfván Óskarsson, áheyrnarfulltrúi, einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lagður var fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. desember 2021. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 1,64% frá 1. september 2021. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. apríl 2021, byggt á verðlagi í mars 2021. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá síðustu verðlagningu er 3,38%. Að loknum umræðum og yfirferð um þróun einstakra gjaldaliða verðlagsgrundvallarins var hann staðfestur.

2. Iðnaðarlíkan

Lagt var fram reiknilíkan verðlagsnefndar til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur og mjólkurvara. Líkanið byggir á rauntölum úr endurskoðuðum ársreikningi Mjólkursamsölnunar árið 2020 og rekstraruppgjöri. Heildsöluverði á mjólk og mjólkurafurðum var síðast breytt í 1. apríl sl., byggt á verðlagi í mars 2021. Frá mars til október 2021 er reiknuð hækkunarkrafa líkansins 2,34%. Jafnframt var sama reiknilíkan lagt fram, þar sem reiknað var með væntanlegum launahækkunum nk. áramót. Hækkun launa er tilkomin vegna lífskjarasamnings og verður vegin launahækkun innan MS 4,82%. Sé launahækkunum bætt við að fullu í líkanið er reiknuð hækkunarþörf samtals 4,32%.

3. Verðlagning

Umræður um niðurstöður framlagðra gagna. Framreikningur reiknilíkana verðlagsnefndar byggja á þekktum stærðum sem liggja nú fyrir, svo sem vaxtastig, verðvísitölu- og gengisþróun. Nefndin hefur áður ályktað að skynsamlegt sé að taka örari og smærri verðbreytingar, frekar en stærri breytingar í færri skrefum. Ljóst sé að verðákvörðun er tímabær. Jafnframt eru hækkunarir á launalið mjólkuriðnaðar fyrirséðar. Þá var einnig greint frá enn meiri launahækkunum vegna hagvaxtarauka lífskjarasamnings sem kemur til framkvæmda 1. maí á næsta ári. Rætt um hvort að við verðákvörðun fundarins eigi að taka mið af hækkun launa 1. janúar nk. og koma þannig í veg fyrir þörf fyrir verðbreytingu strax í janúar. Formaður benti á að verðákvörðunarir verðlagsnefndar hafi almennt verið byggðar á verðlagshækkunum sem þegar hafa raungerst.

Loks voru bornar tillögur um verðhækkunarir til bænda og heildsöluverð. Tillaga um hækkun á lágmarksverði til bænda sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar eða 3,38% var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum; formaður sat hjá. Þá var lagt til að vegið heildsöluverð mjólkurvara verði hækkað hlutfallslega um sem nemur reiknaðri hækkunarþörf samkvæmt iðnaðarlíkaninu, með tilliti til ofangreindrar hækkunar á lágmarksverði og væntanlegri hækkunarþörf vegna launa 1. janúar nk. Þó þannig að verð á undanrennu- og nýmjólkurdufti haldist óbreytt. Almenn hækkun heildsöluverðs verði því 3,81%. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum; formaður sat hjá.

Útreikningar til grundvallar lágmarksverði til bænda byggja á hækkun gjaldaliða í verðlagsgrundvelli kúabús frá mars 2021 til desember 2021. Útreikningar til grundvallar hækkunar heildsöluverðs byggja á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur í iðnaðarlíkani á sjö mánaða tímabili, frá mars 2021 til október 2021. Því til viðbótar er reiknað með launahækkunum 1. janúar nk., þannig verði þegar komið til móts við væntanlega hækkun launa og verði þar með ekki nauðsynlegt að verðleggja strax aftur í janúar og hækkunarkrafa næsta iðnaðarlíkans verði lægri en ella.

Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús er um að ræða 3,38% hækkun heildarkostnaðar. Samkvæmt iðnaðarlíkani er um að ræða reiknaða 4,32% hækkunarþörf, sem skiptist í 2,34% hækkun vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar og 1,98% fyrir fram hækkun vegna launahækkana. Forsendur útreiknings voru settar í reiknilíkan heildsöluverðs sem byggir annars vegar á hráefniskostnaði, þ.e. lágmarksverð til bænda og vinnslu- og dreifingarkostnaði hins vegar. Verð á undanrennu- og nýmjólkurdufti verður óbreytt. Almenn hækkun heildsöluverðs annarra mjólkurvara verður 3,81%.

Ákvörðun var tekin um að lágmarksverð 1. fl. mjólkur til bænda hækki um 3,38% eða úr 101,53 kr./ltr í 104,96 kr./ltr. Jafnframt var tekin ákvörðun um að verð á undanrennu- og nýmjólkurdufti verði óbreytt en almennt heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki þann 1. desember um 3,81%.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:40.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson